

Rafræn eyðublöð Aðgangur settur sjálfkrafa á móttökuaðila Saga 2017.3

Nú er hægt að stilla kerfið þannig að deildin sem eyðublaðið er sent á, og þar með notandinn, fær aðgang að eyðublaðinu. Hægt er að kveikja á þessari virkni með stilligildi **186**.

Glugginn til að velja nýjan móttakanda birtist með mismunandi tillögum að notendum eftir aðstæðum.

- **Valinn viðtakandi hefur aðgang að deild og þekktir meðferðaraðilar fyrir einstakling innan deildar finnast**
Þá birtast þekktir viðtakendur á þeirri deild. Ef valinn viðtakandi er ekki þekktur viðtakandi á deildinni þá birtist hann ekki í listanum þó aðrir þekktir viðtakendur birtist þar.
- **Valinn viðtakandi hefur ekki aðgang að deild og þekktir meðferðaraðilar fyrir einstakling finnast**
Þá birtist listi yfir allar mögulegar samsetningar af þekktum viðtakendum og þeim deildum sem þeir hafa aðgang að.
- **Atriðin hér á undan skiluðu engum niðurstöðum**
Þá birtist listi yfir áður valda starfsmenn.

Ef ekki hafa verið valdir starfsmenn áður þá birtist listinn tómur.

Skrifað í leitarboxið

Þegar skrifað er í leitarboxið þá birtast mismunandi samsetningar af notendum og deildum sem þeir hafa aðgang að, sem innihalda leitartextann annaðhvort í nafni notanda eða deildar.

Blað sent áfram á viðtakanda

Þegar blað er sent áfram á viðtakanda þá birtist ekki hakboxið fyrir „Senda afrit til heimilislæknis“. Fletta þarf því upp heimilislækni í „Afrit sendist til“ ef hann á að fá afrit. Þetta er vegna þess að velja þarf deild til að senda á.

Ef slökkt er á virkninni

Ef slökkt er á virkninni þá virkar kerfið eins og áður. Þ.e. eingöngu eru valdir notendur fyrir viðtakanda og „Afrit sendist til“ en ekki notendur plús deild og hakboxið fyrir „Senda afrit til heimilislæknis“ er sýnilegt.

Með kveðju

TMS - Heilbrigðislausnir